

All the President's Men: 30th Anniversary Edition (2005)

Bókarhöfundur: Carl Bernstein og Bob Woodward

Bókarheiti: All the President's Men: 30th Anniversary Edition

Gagnrýnandi: Heiðar Örn Sigurfinnsson

Útgáfa: Simon & Schuster Paperbacks, New York 2004

Þann sautjándá júní árið 1972 voru fimm jakkafataklæddir menn handteknir við innbrot í höfuðstöðvar Demókrataflokkssins í Watergate byggingunni í Washington borg. Þeir höfðu meðferðis mikið magn hundrað dollara seðla og hlerunartæki sem þeir hugðust koma þar fyrir. Þetta var upphafið að Watergate málinu. Í minnisbókum sem fundust á innbrotsþjófnum fannst á tveimur stöðum nafn Howards Hunt sem hafði unnið fyrir Hvíta húsið. Eftir að hafa komist á snoður um tengsl milli innbrotsþjófanna og Hvíta hússins eyddu fjölmiðlamenn næstu misserum í að upplýsa um hver fyrirskipaði hvað í Watergate málinu, hver vissi hvað og hvenær. Fremstir í flokki fjölmiðlamanna fóru Bob Woodward og Carl Bernstein, blaðamenn á Washington Post sem flettu ofan af mörgum einstaklingum og athöfnum sem tengdust Watergate. Snemma árs 1974 skrifuðu þeir bókina *All the president's men* en þrjátíu ára afmælisútgáfa hennar kom út árið 2004. Þrátt fyrir að *All the president's men* sé ekki beinlínis bók um stjórnmálafræði þá tengist efni hennar fræðunum óneintanlega. Þetta er ekki skáldsaga heldur frásögn blaðamannanna tveggja af Watergate málinu eins og þeir upplifðu það. Þarna er sagt frá samskiptum þeirra við heimildarmenn, ritstjóra, þá sem skrifað var um og því hvernig mikilvægustu uppljóstranir þeirra urðu til, fréttunum sem þeir skrifuðu og viðbrögðum við þeim. Þar er einnig sagt frá mestu mistökum þeirra í málinu, mistökum sem hefðu getað kostað þá vinnuna, eyðilagt trúverðugleika blaðsins sem þeir störfuðu fyrir og jafnvel kostað þá dóm. Tengingarnar sem bókin hefur við fræðin eru margs konar og lærdómur hennar mikill enn þann dag í dag, þrjátíu árum eftir að hún var skrifuð. *All the president's men* er bók sem á fullt erindi við áhugamenn um stjórnmál enn þann dag í dag.

“Vald spillir!” var eitt sinn haldið fram og sé nokkuð til í því þá er Watergate málið gott dæmi um það. Eitt af því sem eftir stendur eftir lestur bókarinnar er hve hart forsetinn og hans menn sóttust eftir endurkjöri Nixons árið 1972. Þeir þráðu valdið svo heitt að lög og reglur urðu að víkja. Innbrotið í höfuðstöðvar Demókrataflokkssins var aðeins eitt dæmi af fjölmörgum bolabrögðum sem þeir beittu gegn mótherjum sínum. Í bókinni er einnig sagt frá margs konar brögðum sem þeir beittu þá sem sóttust eftir að verða forsetaframbjóðandi Demókrataflokkssins. Ekki skal þar með fullyrt að í Demókrataflokknum hafi verið eintómir englar sem engum brögðum beittu en í bókinni er ekki farið út í þá sálma. Það eru hins vegar ekki bolabrögð gegn pólitískum andstæðingum forsetans og hans manna sem vekja mestu athygli. Misnotkun þessara manna á valdi sínu með því að hindra og þvæla rannsókn FBI á málinu er einnig allrar athygli verð. Samskipti þeirra við fjölmiðla eru einnig kapituli út af fyrir sig. Bernstein og Woodward lýsa því í bókinni hvernig fjölmiðlaumfjöllun um Watergate málið jók pólitískan þrýsting á forsetann og hans menn. Hinn leynilegi heimildamaður Woodards, Deep Throat, sem á þessum tíma var ekki vitað hver var, staðfesti að skrif Washington Post hefðu vakið svo mikla reiði ráðamanna að á ákveðnum tímamarki óttaðist hann um líf sitt og blaðamannanna. Haft var eftir einum aðstoðarmanni forsetans að seinna kjörtímabili Nixons yrði varið í hefndir á Washington Post. Þar að auki reyndu menn forsetans að útiloka blaðið frá ýmis konar fréttum, réðust opinberlega á fréttaflutning þess og kölluðu hann órökstuddar lygar og þvætting. Síðar kom auðvitað í ljós að lygarnar og þvættingurinn var þeirra. Með þessu vildu menn forsetans snúa vörn og sókn, í stað þess að sitja undir skrifum blaðsins réðust þeir á trúverðugleika þess og beindu þar með athygli almennings annað. Þessi frásögn í bókinni kemur auðvitað ekki algerlega á óvart en er nauðsynleg áminning til lesenda um það hve mikilvægt það er að veita stjórnmálamönnum, hvar og hvenær sem er, aðhald.

Watergate málið kom upp fyrir mína tíð og fyrir fólk af minni kynslóð er nauðsynlegt að læra um hvað málið snérist, læra um siðferði og siðleysi í stjórnmálum þessa tíma. Bókin er líka nauðsynleg upprifjun fyrir þá sem eldri eru. Frásagan af því hvernig vald getur spillt valdhöfum er sá mikli lærdómur sem enn má draga af þessari bók.

Það er þó ekki hægt að sneiða hjá gagnrýni í þessum bókadómi enda *All the president's men* ekki yfir hana hafin.

Bókin geldur helst fyrir fjóra þætti. Í fyrsta lagi er sagan oft á tíðum eins og í lofttæmi, það er að segja,

utanaðkomandi þáttum er veitt lítil sem engin athygli. Bókin fjallar auðvitað um sögu Bernsteins og Woodwards og það hvernig þeir lögðu sitt of mörkum við að afhjúpa hneykslið. Í nokkrum tilfellum segja þeir frá “skúbbum” annarra fjölmiðla í Watergate málinu, einna helst New York Times. Bókin var auðvitað skrifuð fyrir hinn almenna áhugamann um stjórnmál árið 1974, sem upplifði andrúmsloft árána þegar hneykslið kom upp. Nú rúmum þremur áratugum síðar hefur hinn almenni lesandi litla hugmynd um hvernig andrúmsloftið var í Washington árin 1972 til 1974. Úr þessu hefðu mátt bæta í afmælisútgáfunni, fjalla meira um umfjöllun annarra fjölmiðla, útspil stjórnmálahreyinga og þeirra sem að málinu komu.

Í öðru lagi var bókin skrifuð of snemma. Það er að segja í lok árs 1973, þegar Bernstein og Woodward kláruðu bókina var Watergate málinu hvergi nærri lokið. Þá hafði til dæmis Hæstiréttur Bandaríkjanna enn ekki úrskurðað að Hvíta húsið léti hljóðritanir af samtölum sem fram fóru á skrifstofu bandaríkjaforseta af hendi. Nixon hafði heldur ekki enn sagt af sér, gerði það hálfu ári síðar. Því hefði verið tilvalið fyrir Bernstein og Woodward að bæta við nýja útgáfu bókarinnar köflum um síðustu sex mánuðina.

Í þriðja lagi eru mjög margar persónur í bókinni sem allar gegna hlutverki í sögunni. Nöfn og stöðuheiti eru svo mörg að á köflum verður bókin ruglingsleg og erfitt að fylgja þræðinum. Það bæta höfundarnir þó að einhverju leyti upp með því að birta nafnalista fremst í bókinni.

Að lokum má svo benda á, þó ekki sé hægt að kvarta yfir því, að bókin er einhliða frásögn af upplifun Bernsteins og Woodwards af Watergate málinu. Rétt er að hafa það í huga við lestur bókarinnar og taka sögunni með hæfilegum fyrirvara því höfundar kynna andstæð sjónarmið lítið sem ekkert.

Önnur bók um Watergate hneykslið kom út á þessu ári. Sú heitir *The Secret Man: The story of Watergate's Deep Throat* og fjallar um samskipti Woodwards við Deep Throat. Mark Felt, þáverandi aðstoðarforstjóri FBI, hefur viðurkennt að hafa verið hinn dularfulli Deep Throat og það hafa Bernstein og Woodward staðfest. Í bókinni er leitast við að skilja hvers vegna Felt aðstoðaði Woodward við rannsókn Washington Post á Watergate málinu. Felt hafði aðgang að nánast öllum gögnum sem tengdust rannsókn FBI á málinu, en rannsóknin var mun viðameiri en búast mætti við miðað við upphaflegu ákærurnar í málinu. Felt og Woodward þekktust frá fyrri tíð og traust var á milli þeirra. Í bókinni reynir Woodward að svara því hvers vegna Felt veitti honum upplýsingarnar um Watergate. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að Felt hafi verið svo ósáttur við skipan í embætti forstjóra stofnunarinnar og að framhjá honum hafi verið gengið að hann hafi ákveðið að aðstoða Woodward. Einnig nefnir Woodward þá skýringu að Felt, sem hafði ríka réttlætiskennd og unni stofnuninni hafi unið sig upp innan FBI undir stjórn J Edgars Hoovers og hafi ofboðið það sem rannsókn FBI leyddi í ljós. Þar sem pólitískur þrýstingur varð til þess að aðeins var ákært vegna innbrotisins í Watergate bygginguna en ekki önnur lögbrot sem menn forsetans frömdu, hefur Felt hugsanlega talið að samstarf við Woodward væri eina leiðin til að sannleikurinn liti dagsins ljós og orðspor FBI yrði verndað. Fyrri hluti bókarinnar *The Secret Man* er að miklu leyti endursögn á *All the president's men* og það háir henni mest.